

Alþingi
Erindi nr. P 130/318
komudagur 26.11.2003

Nefndasvið Alþingis,
B.t. Ágústs Geirs Ágústssonar,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Akranesi 25. nóvember 2003.


Varðar frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignaskatt. - Þingskjal 88, 88.mál.

Í kjölfar breytinga á reglum um skattlagningu atvinnurekstrar hefur lögaðilum fjölgað verulega á undanförunum misserum og hefur þessi fjölgun aðallega orðið á einkahlutafélögum. Blasir við að þetta kallar á nýtt vinnulag skattfirvalda við endurskoðun atvinnurekstrarins.

Dæmi eru um að lögaðilar, (eða aðrir skattskyldir aðilar) hafi með sér samrekstur, en búa ekki í sama skattumdæminu. Ekki er óalgengt að eigendur, ættingjar, venslafólk, forráðamenn og stjórnendur lögaðila eigi búsetu í tveimur eða fleiri skattumdæmum, sem skapar m.a. erfiðleika þegar kemur að ákvörðun launa þessara aðila, sbr. 58.gr. laga nr. 90/2003. Þá eru ýmiss dæmi um að í sama skatteftirlitsmálinu er fjallað um aðila búsetta í fleiri en einu skattumdæmi.

Í ofangreindum tilfellum setja núgildandi reglur 89.gr. laga nr. 90/2003 um framtals- og skattlagningarstað, eðlilegri skattframkvæmd afar þröngar skorður og eru í raun til ólíðandi þyngsla. Til úrlausnar hafa því skattstjórar óskað eftir því við fjármálaráðuneytið að reglum verði breytt svo sem kveðið er á um í 1. brtt. tillagna til breytinga á 10.gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. þingskjal 88 og 88. mál, þar sem gildistöku væri hagað þannig að skattstjóra væri þegar heimilt að framkvæma endurákvæðanir samkvæmt 96.gr., sbr. tímamörk 97. gr. laga nr. 90/2003.

F.h. Skattstjórafélags Íslands,



Stefán Skjaldarson,
skattstjórinn í Vesturlandsumdæmi.